

238. fundur Skólanefndar FS

8. febrúar 2000



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Jón Ingi Baldvinsson, Stefanía Ólafsdóttir, Ingimundur Þ. Guðnason, Guðbjörg Ingimundardóttir, áheyrnarfulltrúarnir Ragnheiður Gunnarsdóttir, Arnar Fells Gunnarsson og Pétur Brynjarsson, Jón Sæmundsson fjármálastjóri og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Upphaf vorannar.
 2. Uppgjör vegna 1998.
 3. Húsnæðismál.
 4. Önnur mál.

1. Upphaf vorannar.

Skólameistari sagði frá upphafi vorannar en kennsla hófst 7. janúar. Nemendur í dagskóla eru 674 og 169 í öldungadeild. Skólameistari ræddi einnig um dagatal annarinnar, þemadaga og annarlök og svaraði spurningum nefndarmanna. Fulltrúi nemenda sagði frá starfsemi nemendafélagsins.

2. Uppgjör vegna 1998.

Fjármálastjóri sagði frá uppgjóri vegna ársins 1998 og stöðunni fyrir árið 1999. Almennt rætt um fjárhagsstöðu skólans og horfur í fjármálum.


3. Húsnæðismál.

Skólameistari og formaður sögðu frá stöðu mála varðandi undirbúning viðbyggingar og hugmyndum um lausn vegna bílastæða.

4. Önnur mál.

- a) Menntamálaráðherra kemur í skólann fimmtudaginn 10. febrúar og fundar með nemendum og starfsfólki.
- b) Rætt um kynningarmál og kynningu í grunnskólum. Ákveðið að ræða þau mál sérstaklega á fundi þriðjudaginn 22. febrúar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari